

Skýrsla bæjarstjóra fyrir tímabilið 30. ágúst til 27. september.

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar, ég flyt nú tvær skýrslur bæjarstjóra. Annars vegar fyrir tímabilið 30. ágúst til 27. september og 28 september til 25 október.

Það ber fyrst að nefna að 31. ágúst sat ég ásamt bæjarfulltrúunum Ólafi Adolfssyni og Ingibjörgu Valdimarsdóttur málfund um eigendastefnu Faxaflóahafna sem var haldinn í Höfða. Eigendastefna Orkuveitu Reykjavíkur er höfð til hliðsjónar en að sögn forstjóra Orkuveitunnar er það fyrirtækinu afar dýrmætt að eiga þá stefnu. Það sem er kannski helsta álitamálið í tengslum við eigendastefnu Faxaflóahafna núna er hversu háar arðgreiðslur eigi að greiða úr

fyrirtækinu og hvað á að fara í miklar fjárfestingar.

Þennan dag vorum við einnig með sameiginlegan fund bæjarráðs og velferðar- og mannréttindaráðs um nýju húsnæðislöggjöfina. Við fengum sérfræðinga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að fara yfir löginn og áhrif þeirra á sveitarfélögin og einnig hvaða skilyrði við þurfum að uppfylla til að geta sótt um. Meðal annars þurfum við að móta okkur reglur um stofnframlög og viðskipta- og rekstraráætlun. Í lögnum er gert ráð fyrir að sveitarfélögin greiði 12 % stofnkostnað, sem getur t.d. verið í formi afsláttar eða niðurfellingar á lóðagjöldum og að ríkið borgi 18 %. Ef um er að ræða leiguíbúðir fyrir fólk í mjög erfiðum félagslegum aðstæðum eða fyrir öryrkja þá getur sveitarfélagið greitt allt að 4

prósentum til viðbótar. Alls hafa lögaðilar sótt um stofnstyrki sem ná til framkvæmda í 17 sveitarfélögum. Meðal annars sótti húsfélag Brynju um stofnframlag til að kaupa fasteiginir hér á Akranesi, eina á þessu ári og tvær á ári 2017 og 2018. Við þurfum að svara því fyrir 28 október hvort við staðfestum framlag sveitarfélagsins til Brynju.

Á fimmtudeginum, 1. september voru haldnir aukafundir í skóla og frístundaráði og bæjarstjórn þar sem samþykkt var að ráða Valgerði Janusdóttur sviðsstjóra skóla og frístundasviðs Akraneskaupstaðar en það voru 14 manns sem sóttu um stöðuna. Þann dag var líka haldinn bæjarráðsfundur þar sem 6 mánaða uppgjör var lagt fram, farið yfir stöðu mála í fjárfestingar og framkvæmdaáætlun og samþykkt breytt skipurit fyrir stjórnarsýslu og fjármálasvið og

heimild fengin til að auglýsa lausa stöðu fjármálastjóra. Jafnframt var Andresi Ólafssyni þökkuð afar góð störf í þágu Akraneskausptaðar en við munum njóta krafta hans á næstu árum í starfi verkefnastjóra. Ráðningaferli vegna fjármálastjóra stendur einmitt yfir núna en það sóttu 22 einstaklingar um stöðuna.

Í vikunni á eftir var svo haldinn sameiginlegur fundur bæjarstjórnar og skipulags- og umhverfisráðs með Ask arkitektum vegna sementsreitsins, Dalbrautarreitsins og aðalskipulagsvinnunnar. Þetta var mjög upplýsandi fundur sem gaf vonandi gott veganesti fyrir þá aðila sem eru meðal annars að vinna að deiliskipulagi vegna sementsins. Það virðist vera góður samhljómur á meðal bæjarfulltrúa um þær byggingar sem á að rífa á reitnum. Eitt af

flóknari verkefnum í tengslum við sementsreitinn er hækkun Faxabrautar og er verið að skoða það mál í samstarfi við Vegagerðina og fleiri sérfræðinga.

Þessa sömu viku átti ég góðan fund með starfsmanni Markaðsstofu Vesturlands, atvinnuráðgjafa og framkvæmdastjóra SSV og Sædísi Sigurmundsdóttur verkefnastjóra sem annast meðal annars utanumhald með ferðamálunum hjá okkur. Við vildum ræða fjármögnun markaðsstofunnar en í dag erum við að greiða til hennar í samræmi við íbúatölu. Það teljum við ósanngjarnt, það er að nota sömu reikningsreglu og við aðild að SSV þar sem það er alveg á hreinu að ferðamannaíðnaðurinn hefur töluvert meira vægi í atvinnulífinu á Snæfellsnesi og í uppsveitum Borgarfjarðar en hér á Akranesi auk þess sem við sjáum mjög lítið af markaðsstofunni hér. Við ræddum

hugsanlegar leiðir, til dæmis að sveitarfélögin borguðu öll tiltekna upphæð til Markaðsstofunnar, óháð fjölda íbúa í sveitarfélaginu eða að markaðsstofan tæki að sér sérverkefni fyrir Akranes sem ekki yrði greitt sérstaklega fyrir. Starfsemi markaðsstofa er í ákveðnu breytingaferli þar sem ferðamálastofa hefur boðað endurskoðun á fjárframlagi og að það fari frekar til einstakra svæða en á eina landshlutaskrifstofu. Við þurfum að taka umræðu um þetta í bæjarráðinu og við fulltrúa okkar í stjórn samtaka sveitarfélaga áður en lengra er haldið. Þessi fundur var aðallega til að safna í sarpinn fyrir þær umræður.

Ég átti fund með bæjar- og sveitarstjórum á Vesturlandi og yfirstjórn lögreglunnar á Vesturlandi þar sem við ræddum fjölmörg mál. Fjárhagsstöðu lögreglunnar, bakvaktir

barnaverndar, þróun í ýmsum afbrotum, merkingar á götum og við gangstéttir og hálkuvarnir svo nokkuð sé nefnt.

Í vikunni á eftir héldum við sameiginlegan fund bæjarráðs og bæjarstjórnar um fjárfestingar. Sá fyrsti í fundaröð þar sem markmiðið er að móta sýn til fjögurra ára um þau stóru verkefni sem ráðist verður í á sviði fjárfestinga og framkvæmda. Við fengum Odd G. Jónsson frá KPMG til að kynna niðurstöðu vinnu hans um fjárhagsleg markmið og yfirlit um greiðslubyrði lána og lífeyrisskuldbindinga í A hlutanum allt til ársins 2025. Samkvæmt yfirlitinu munu skuldir Akraneskausptaðar greiðast nokkuð hratt niður á næstu árum en lífeyrisskuldbindingar hækka á móti þannig að greiðslubyrðin verður ívið lægri en í dag tímabilið 2017 til 2025. Myndin gefur vonandi fóður inn í umræðuna um

hvað við getum eytt miklu í fjárfestingar næstu árin.

Þann 14 september fór ég til Tönder á Jótlandi ásamt tveimur fulltrúum úr Feban, þeim Jóhannesi Finni Halldórssyni og Júlíusi Þórarinssyni, þeim Ragnheiði Helgadóttur frá Heilbrigðisstofunun Vesturlands og Ólínu Gunnarsdóttur varaformanni stjórnar Höfða og Vilborgu Þórunni Guðbjartsdóttur formanni velferðar og mannréttindaráðs. Það er skemmst frá því að segja að þessi ferð var ótrúlega vel heppnuð en við fengum um 13 fyrirlestra og kynningar og vorum með þéttskrifaða dagskrá frá morgni til kvölds báða dagana sem við dvöldum í Tönder. Það sem stendur upp úr að mínu mati er skynsamleg verkaskipting ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum öldrunarmál. Með lagabreytingu árið 2008 þegar sveitarfélögum í Danmörku var fækkað í 80

með lögum þá fengu þau aukin verkefni meðal annars á sviði öldrunarmála. Þau eiga að sjá því fólki fyrir þjónustu heim sem þarf á aðstoð að halda og að tryggja nægt framboð á hjúkrunarheimilum. Ef aldraður einstaklingur sem hefur dvalið á sjúkrahúsi er nógu hraustur til að fara heim en fær ekki viðeigandi þjónustu þá þarf sveitarfélagið að greiða fyrir dvölinna á sjúkrahúsinu. Sama á við ef fyrirbyggjandi úrræðum er ekki sinnt, til að varna því að sjúklingar þurfa að leggjast inn. Þetta hefur leitt til þess að gríðarleg áhersla er lögð á fyrirbyggjandi starf, bæði heilsueflingu en líka félagslega samveru. Við skoðuðum mjög fína aðstöðu sem eldri borgarar og öryrkjar höfðu, [senior center](#) en það var hús sem upphaflega var byggt sem íbúðarhús en hafði gegnt mörgum hlutverkum í gegnum tíðina. Þar voru

nokkur fín vinnuherbergi á efri hæðinni, meðal annars trésmíðaverkstæði og tölvuver og eldhús, borðstofa og leikfimi salur á neðri hæðinni. Það var stjórnandi í hlutastarfi í húsinu og annar starfsmaður sem vann í 17 tíma á viku en að öðru leyti sáu eldri borgarar um dagskrána. Húsið var fyrir alla 65 ára og eldri, auk öryrkja og aðra sem standa utan vinnumarkaðar. Mottó hússins er hjálp til sjálfshjálpar. Auk þessa húss var húsnæði í bænum fyrir öll félagasamtök í sveitarfélaginu, þar sem þau gátu komið og fengið fundaraðstöðu. Sveitarfélagið fékk styrk til starfseminnar frá ríkinu.